

Niðurstöður vinnuhópa á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 8. febrúar 2024
Fundurinn var haldinn í Hannesarholti.

Skipt var í þrjá vinnu hópa og fékk hver vinnuhópur tvær spurningar að bregðast við með það að markmiði að draga fram þær áherslur sem mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð vill sjá á árinu 2024.

Hér eru dregnar saman helstu áherslurnar sem komu fram í vinnuhópunum.

Áherslur/verkefni:

- ✓ Efla mælaborð Reykjavíkurborgar. Vera með vísu sem sýna viðfangsefni ráðsins. Skoða hvað stjórnarráðið er að gera í þessu samhengi t.d. [mælaborð um forvarnir meðal barna gegn kynferðislegur og kynbundnu ofbeldi](#)
- ✓ Skoða hvort Reykjavíkurborg getur nýtt sér eitthvað úr [þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025](#).
- ✓ Skrá með markvissum og samræmdum hætti ofbeldisatvik á Skóla- og frístundasviði.
- ✓ Leggja áherslu á aðgerðarmiðað ráð frekar en skýrslumiðað. Fylgjast betur með í rauntíma hvað er að gerast í samfélaginu, hver er þróun mála og bregðast við. Vera með heildstæðar aðgerðir.
- ✓ Vera með skarpari fókusi, færri verkefni en sinna þeim að krafti. Efla tengingar við aðrar stofnanir og félagasamtök. Vera t.d. í samstarfi við félagasamtök ungmenna.
- ✓ Undirstrika að ofbeldisforvarnir tengjast heilsuefningu.
- ✓ Skoða hinsegin málefni í ljósi aukinnar hatursorðræðu í garð hinsegin fólks.
- ✓ Skoða heildarsamhengi þegar gerð er ný aðgerðaráætlun gegn ofbeldi, sauma saman það sem er gert til að heildaráhrif náist.
- ✓ Vinna markvisst gegn ofbeldismenningu. Skapa menningu þar sem börn og ungmenni segja frá því ofbeldi sem þau verða fyrir í stað þess að þau greini ekki frá en fram hefur komið í viðhorfskönnunum að er raunin.
- ✓ Fylgja betur eftir heimilisofbeldismálum í *Saman gegn ofbeldi*, efla eftirfylgnina. Þarf að forgangsraða og setja áherslur.
- ✓ Efla fræðslu, þurfum öfluga fræðslu og hún þarf að vera veitt af fólki sem tilheyrir hópnum – ekkert um okkur án okkar. Leita til jafningja frekar en til fólks sem ekki tilheyrir viðkomandi hópi. Greina hvernig fræðslu þarf og hvort þurfi meiri fjármuni í fræðslu.
- ✓ Efla fræðslu til viðbragsaðila, viðbrögð þolenda/brotþola geta verið alls konar. Viðbragsaðilar þurfa að geta gripið inni á réttan hátt. Það er símenntun hjá lögreglu en hvað með aðra hópa/starfsstéttir? Það þarf að samtvinna jafnréttismál inni í fræðslu um

ofbeldismál. Það þarf að fræða viðbragðsaðila um það að fólk getur brugðist við stuðningi eða boði um þjónustu með ólíkum hætti. Ekki öll sem bera traust til lögreglu t.d. ef þú kemur frá samfélagi þar sem ríkir ógnarstjórn.

- ✓ Huga að samtvinnun mismunabreyta í allri vinnu.
- ✓ Horfa til þess að ná til alls hópsins, ungs fólks, bæði í tengslum við forvarnir og þegar eitthvað kemur upp á. Ekki nóg að huga bara að þeim hópi sem er í skóla.
- ✓ Vera með fræðslu til fólks í framlínunni, til leikskólakennara, félagsráðgjafa o.fl. þannig að þau kunni að nálgast alls konar fólk t.d. fatlað fólk og fólk af erlendum uppruna.
- ✓ Auka fræðslu um menningarnæmi, inngildingu og túlkapjónustu. Það er mannauður í fólkinu sem er að flytja hingað.
- ✓ Horfast í augu við að kynbundið ofbeldi þ.á.m. heimilisofbeldi er ekki að minnka. Núna er fókus á ofbeldi hjá ungu fólki en heimilisofbeldi er risastór vandi. Útköllum lögreglu vegna heimilisofbeldis hefur fjölgað. Þetta tengist allt saman, tengist jafnréttismálum, stöðu kvenna á vinnumarkaði, fjárhagslegu sjálfstæði o.s.frv.
- ✓ Vera með spjalllínur fyrir fólk sem vill síður hringja. Ólík samskiptamynstur henta ólíku fólki. Þarf að búa til örugg rými (e. safespace).
- ✓ Verja rétt fólks til að tjá sig og samtímis vinna gegn hatursorðræðu.
- ✓ Tryggja aðgengi að upplýsingum fyrir ólíka hópa.
- ✓ Vera með starfsauglýsingar og vefsíðu á fleiri tungumálum.
- ✓ Efla gæði í starfsumhverfi kvennastétta hjá Reykjavíkurborg.
- ✓ Vinna með skóla- og frístundasviði (SFS) að eflingu forvarna. Halda fund með SFS og taka höndum saman, aukin samvinna nauðsynleg. Þarf að efla forvarnarstarf, þar má líta til forvarna í neyslu áfengis og reykinga á sínum tíma. Það er aukning á ofbeldi er meðal jafningja á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri, það þarf að bregðast við því. Gera þarf mun betur í forvarnarstarfi í tengslum við ofbeldi. Fá foreldra með. Ofuráhersla á skóla og borgina en ekki þátttöku foreldra. Ofbeldi er mikið meðal ung fólks en líka risastór hópur ung fólks sem hvorki er í skóla né vinnu. Það þarf að skoða hvernig er hægt að ná til þeirra og það gerist ekki með samstarfi við Skóla- og frístundaráð/svið.
- ✓ Bæta aðbúnað í félagsmiðstöðvum. Hann er slæmur og þar er mikið álag.
- ✓ Efla Jafnréttisskólann með fleiri stöðugildum, þar er verið að vinna öflugt forvarnarstarf.
- ✓ Setja skilyrði fyrir styrkveitingum til íþróttafélaganna, t.d. þess efnis að íþróttafélögin leggi sitt af mörkum til að ná til jaðarsettra ungmenna. Þannig gætu þau náð til þeirra áður en rangir aðilar/hópar veita þeim viðurkenningu. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð getur ályktað um þetta og sent áfram til menningar- íþrótt- og tómstundaráðs. Miklum peningum varið í

Íþróttafélög, hægt að virkja íþróttafélög til að ná til þessara jaðarsettu hópa. Það væri hægt að koma á einhverju verklagi hjá íþróttafélögnum til að ná til jaðarsetts fólks.

- ✓ Koma á tengslum á milli íþróttafélaga og grunnskóla svo þeir síðarnefndu geti komið einstaklingum í hættu inn hjá íþróttafélögum. Starfsfólk grunnskóla er í góðri aðstöðu til að koma auga á einstaklinga í vanda. Þetta myndi byggja brú milli skólans, foreldranna og íþróttafélaga.
- ✓ Skoða hvernig er hægt að ná til þeirra sem eru jaðarsettir og upplifa að þeir séu beittir ofbeldi af „kerfinu“. Athuga hvernig er hægt að ná til þeirra sem detta úr námi og t.d. eyða tímanum í tölvunni.
- ✓ Leggja áherslu á forvarnir í íþrótt- og æskulýðsstarfi og listkennslu. Gæta þess að huga ekki eingöngu að fótbolta/íþróttum í forvarnarmálum.
- ✓ Styrkja starfsemi samfélagslögreglu og vera með samfélagslögregluna í Kaupmannahöfn og Helsinki sem fyrirmynd. Þar er samfélagslögreglan kölluð „úti floti“/fótgönguliðar. Samfélagslögreglan er úti á meðal barna og unglinga og myndar tengsl við ungmenni á þeirra forsendum.